

**G J A L D S K R Á**

fyrir

**rafveitu Stokkseyrarhrepps.****9**  
28. febr.**1. gr.**

Hver húseigandi (húseigendur og þeir, sem sjerstakt herbergi hafa á leigu) greiði á ári fyrir 1 lampastæði kr. 20.00 og felst í því gjaldi greiðsla á alt að 20 kílowattastunda eyðslu um árið. Fyrir hvert lampastæði um fram greiðist á ári kr. 6.00 og felst í því gjaldi greiðsla á alt að því 5 kílowattstunda eyðsla um árið á hvert þeirra. Fyrir hverja kílowattstund, sem eytt er á ári hverju fram yfir það, sem áður er sagt að felst í gjöldum af lampastæðum, greiðist 75 aurar.

Gjald þetta má hækka eða lækka eftir því sem rafstöðin ber sig, alt að 25%.

**2. gr.**

Föstu rafmagnsgjöldin sem miðuð eru við lampastæði greiðist 4 sinnum á ári. 1. nóv., 30. des., 1. mars, og 15. maí,  $\frac{1}{4}$  hluti þeirra í hvert sinn, og gjaldið fyrir það, sem eytt er fram yfir það, sem felst í gjöldum af lampastæðum greiðist í einu lagi með gjöldunum 15. maí.

Gjöldin til rafveitunnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem er hjer með sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, öðlast gildi 15. mars 1925, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. febrúar 1925.*

**Magnús Guðmundsson.**

---

*Vigfús Einarsson.*